

Frjálsar fitusýrur í mjólk

Margir bændur kannast eflaust við hátt innihald frjálsra fitusýra í mjólk og hversu erfitt getur verið að ráða við það vandamál. Þetta er yfirleitt vandamál sem kemur og fer, stendur mislengi yfir og oftast en ekki eru menn í basli við að ná gildinu niður aftur í það sem telst eðlilegt, en miðað er við að gildi fari ekki yfir 0,9 mMól/mo.

Fitan í mjólkinni er uppbyggð af fitusýrum sem eru bundnar saman í fitukúlur. Utan um fitukúlurnar er himna. Ef þessi himna rofnar, fá fitusýrurnar að leika lausum hala og gildið hækkar. Himnan er mis viðkvæm, en það fer mikið eftir hvar á mjaltaskeiðnum kýrnar eru hversu viðkvæm himnan er. Á seinni hluta mjaltaskeiðsins minnkar í kúnum, fitukúlurnar verða stærri og þar með einnig viðkvæmari fyrir hnjaski. Ef vandamál eru með frjálsar fitusýrur er mjög gott ráð að fylgjast vel með kúm sem farið er að minnka í, skoða vel niðurstöður kýrsýna og mögulega gelda þær kýr sem koma illa út örlítið fyrr en fyrirhugað var.

Hátt hlutfall frjálsra fitusýra hjá einstökum kúm getur líka átt sér stað fyrr á mjaltaskeiðinu, en þá er ástæðan yfirleitt sú að kýrin þjáist af orkuskortri, hún brýtur niður eigin fituforða – mjólkurfita framleidd af þess háttar orku er viðkvæm. Þetta getur komið til sé gróffóðurátið ekki nægilega mikið, t.d. vegna þrengsla við fóðurgang, lélegs gróffóðurs eða vegna slægrar verkunar fóðursins. Sé mikil fita í fóðri kúnna getur það líka aukið líkurnar á háu hlutfalli frírra fitusýra í mjólk. Í slíkum tilvikum er um að gera að hafa samband við fóðurráðgjafa RML og fá leiðbeiningar um fóðrun slíkra gripa – mögulega þarf annað kjarnfóður, aðrar skammtastærðir kjarnfóðurs, annað gjafafyrirkomulag.

Hátt fituhlutfall í mjólk er einnig ávísun á hátt hlutfall frjálsra fitusýra þar sem sterkt samhengi er á milli hlutfall fitu og stærð fitukúla. Gott er að hafa í huga að E-vítamín er efni sem styrkir frumhimmur og því getur verið gott gefa skepnum aukalega E-vítamín, til dæmis Rautt Tranol. E-vítamínforðinn á það til að rýrna mikið í heyjum við geymslu, einnig hefur forþurrkun heys í vætutíð neikvæð áhrif á E-vítamín innihaldið.

Mjaltatíðni er annað atriði sem skiptir máli þegar frjálsar fitusýrur eru annarsvegjar. Mikilvægt er því að hafa góða stjórn á tíðni mjalta í mjaltapjónum og muna eftir að fara yfir stillingarnar reglulega. Gott er að miða við að hafa 6,5 klst bil á milli mjalta hjá þeim kúm sem mjólka 20kg/dag eða meira, en fyrir nytlægri kýr er miðað við að hafa 9,5 klst bil á milli mjalta, það er fyrir kýr sem eru í 20kg dagsnyt eða lægra.

Algengasta orsök, þess að hlutfall frjálstra fitusýra í mjólk hækkar, er meðferð mjólkurinnar. Harkaleg meðferð á mjólkinni hefur mjög neikvæð áhrif á fitusýrurnar. Það þarf ekki mikið til þess að himnan utan um fitukúlurnar rofni, sér í lagi ef himnan er orðin viðkvæm fyrir – til dæmis ef mikið er um kýr á seinni hluta mjaltaskeiðs, í lágri dagsnyt.

Fyrsta atriði sem á að skoða ef upp kemur vandi með háu hlutfalli frjálstra fitusýra, er alltaf að fara vandlega yfir mjaltakerfið. Skoða þarf vel hvort mjólkurlögnin er óþétt, streymir einhversstaðar inn loft? Hvernig með mjólkurdæluna – eru þar lélegar eða óþéttar pakningar? Er nægur kælivökvi á kælikerfi mjólkurtanksins? Ef vantar kælivökva eru ákveðnar líkur á því að mjólkín ofkælist og jafnvel frjósi við yfirborð. Kemur fyrir að of lítið af mjólk er í tanknum í lengri tíma? Gott ráð er að stjórna því hvaða kýr koma í mjaltir eftir að búíð er að tæma tankinn, koma nytháum kúm í mjaltir strax eftir að búíð er að tæma tankinn, þannig að tankurinn standi ekki lengi með lítilli mjólk og þar af leiðandi auki hættuna á að hrært verði harkalega í mjólkinni og hún ofkælist eða kælingin verði of hröð. Er fallið á mjólkinni, þegar hún dælist inn í tankinn, hátt og harkalegt?

Þetta eru atriði sem gott er að hafa í huga ef vandamál koma upp með hlutfall frjálstra fitusýra.

Fóðurráðgjafar RML eru tilbúnir að aðstoða ef upp koma vandamál og hvetjum við ykkur til að hafa samband fyrr en síðar. Alltaf best að reyna að taka á vandanum strax. Þessi atriði sem talin hafa verið upp, eru þó alltaf góð að hafa bak við eyrað.

Elin N. Grethardsdóttir
Nautgriparræktarráðunautur

eng@rml.is